

fjelagsstjóranum verið skilað aftur 25 kr., en hann hefir fráfallið tildæming iðgjalda fyrir hinar vantandi 5 kr.

Með brjefi, dags. 23. apríl þ. á. hefir dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðað, að málshöfðun gegn Gunnlaugi Gunnlaugs-syni, sem er fæddur 15. ágúst 1906 og því aðeins 17 ára, skuli falla niður með skilorðum 6. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga. Er því mál þetta höfðað gegn Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni einum.

Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson er fæddur 8. oktbr. 1900. Hann var með aukarjettardómi sýslunnar uppkveðnum 9. nóvbr. 1922 dæmdur með skilorðsbundnum hegningardómi í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230 gr. hinna almennu hegningarlaga. Afbrot það er hann nú er saksóttur fyrir þykir verða að heimfæra undir 231. gr., 4. málslíð hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði og allan af málinu leiðandi kostnað.

Það vottast, að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

=====
Miðvikudaginn 8. okt. 1924.

Nr. 41/1924. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sveini Sveinssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot á aðflutningsbannslögum á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 11. jan. 1924:
Kærður Sveinn Sveinsson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs. Framangreint áfengi með ílátum skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað greiði kærður. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Kærði er í hinum áfrýjaða dómi dæmdur bæði fyrir sölnu á spiritusnum til þeirra Ágústs N. Benja-

minssonar og Jónasar Sigurðssonar og fyrir vörslu þeirra 11 þriggja pela flaskna af spiritus, sem fundust við heimilissrannsóknina hjá honum. En þar sem dómarrinn hafði, áður en málið kom í dóm, tekið boði kærða um 200 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir spiritussöluna og felt að því leyti niður málið, sem hann hafði höfðað af sjálfsdáðum, þá verður að sitja við þá sekt fyrir það brot kærða, og kemur það því ekki til álita hjer.

Að því er aftur á móti snertir spiritus þann, sem fanst hjá kærða við heimilissrannsóknina, þá getur kærði ekki komist hjá að verða dæmdur fyrir vörslu sína á honum. Kærði gerði í prófunum þá grein fyrir heimild sinni til þessa áfengis, að hann hefði keypt það hjá manni á gufuskípinu Gullfoss, en þóttist þó hvorki geta gert nánari grein fyrir manningnum nje heldur treysta sjer til að þekkja hann, þó að honum yrði sýndur hann. En með þannig löguðum framburði þykir kærði ekki hafa gert þá grein fyrir vörslu sinni á þessu áfengi, sem ætla má að átt sje við í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 91/1917. Verður því samkvæmt nýnefndu ákvæði að telja kærða sekan um brot gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið samkvæmt 14. gr. og með tilliti til sölusektarinnar, hæfilega metin 200 kr. sekt til ríkissjóðs.

Um upptekt áfengisins og málskostnað í hjeraði á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar hjer í rjetti, þar með talin 60 kr. málfutningslaun til sækjanda og verjanda, hvors fyrir sig.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjeraði, að dómarrinn tók boði kærða um sekt fyrir

spiritussölna áður en heimilisrannsóknin fór fram, að sú rannsókn var ekki ákveðin með venjulegum úrskurði, að annað vitnið, sem leitt var í prófunum, var ekki látið segja til aldurs síns og að prófin eru yfirleitt ófullkomin. Loks athugast, að varðhaldsúrskurðurinn yfir kærða var ekki nauðsynlegur eins og málið horfði við.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sveinn Sveinsson, greiði 200 kr. sekt í rikissjóð.

Um upptekt áfengisins og málskostnað í hjeraði skal lögreglurjettardóminum óraskað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda, málfutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað fyrir lögreglurjettinum með stefnu útgefinni 8. f. m. gegn Sveini Sveinssyni, nú til heimilis í Vestmannaeyjum fyrir brot á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Samkvæmt eigin játningu kærðs og öðrum gögnum eru atvik og tildrög málsins þannig:

Hinn 13. ágúst f. á., kom unglingspiltur að nafni Ágúst Núpdal Benjamínsson hingað með e/s. „Sirius“ frá Reykjavík, fór hann heim til kærðs, er þá bjó í Tangagötu hjer í bænum, bað hann selja sjer $\frac{1}{2}$ flösku af spiritusblöndu eða $\frac{1}{4}$ fl. af óblönduðum spiritus. Neitaði kærður því í fyrsta, en rjett á eftir og án

tilefnis spurði hann piltinn hvort hann vildi heldur blandaðan eða óblönduðum spiritus. Keypti Núpdal þá af kærðum $\frac{1}{4}$ fl. af óblönduðum spiritus, er hann helti af flösku er hann tók undan legubekk í herbergi sínu og sagði piltinum að hann hefði keypt hana hjá lyfsala í Reykjavík. Fyrir þennan vinnanda greiddi pilturinn kærðum 6 kr. í peningum.

Um sama leyti og Ágúst Núpdal Benjamínsson kom heim til kærðs, kom þangað annar unglingsmaður Jónas Sigurðsson að nafni og keypti af kærðum $\frac{1}{2}$ flösku af óblönduðum spiritus á 12 kr. og greiddi honum andvirðið í peningum.

Við hútleit er fór fram hjá kærðum sama dag, fundust 10, 3 pelaflöskur með spiritus concentratus, og ellefta flaskan axla-full. Tók lögreglan áfengið í sínar vörslur. Áfengi þetta og 1 flaska í viðbót eða alls 12 flöskur keypti kærður um borð í g/s. Gullfoss, hjer við hafakipabryggjuna 4. eða 5. ágúst f. á. af háseta eða manni er heyrði skipinu til, og er það eigi sannað í málinu hver maðurinn var. Kveðst kærður hafa greitt 16 kr. fyrir hverja flösku.

Kærður var mjög tregur til að meðganga brot sitt, og áður en rannsókn málsins var lokið, fór hann úr bænum í óleyfi dóm-arans og kom eigi aftur til yfirheyrslu fyr en að ráðstöfun yfir-valds, eftir að varðhaldsúrskurður hafði verið appkveðinn yfir kærðum.

Kærður var þó eigi í haldi nema tæpa klukkustund undir rannsókn málsins við komu g/s. Gullfoss 29. nóvember f. á.

Brot kærðs, er eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir, 8. gr. og 15. gr. 2. málgr. laga nr. 91, 14. nóvember 1917, um aðflutningsbann á áfengi, og þykir hegning hans hæfilega metin samkvæmt nefndum lagagrein-um sbr. 17. gr. þeirra 300 kr. sekt til ríkissjóðs.

Áfengi það, er umrædir í dóminum með ilátum skal upp-tækt og verða eign ríkissjóðs. Allan af málinu leiddan og leið-andi kostnað greiði kærður.

Málinu hefir verið hraðað tilhlýðilega og meðferð þess vítalaus.